

Fundargerð 94. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2026, föstudaginn 23. janúar kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Jón Björn Hákonarson, Fannar Jónasson, Gerður Björk Sveinsdóttir, Sigfús Ingi Sigfússon, Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, Heimir Örn Árnason og Sigurjón Andrésson.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Drög að frumvarpi til laga um lagareldi - óskað umsagnar - 2601003SU

Lögð fram drög að umsögn til umræðu.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga fagnar því að þetta frumvarp sé komið fram en telja eðlilegt að hlutdeild sveitarfélaga sé hærri en þriðjungur líkt og lagt er til í frumvarpinu. Að öðru leyti vísar stjórn samtakanna til umsagnar um frumvarpið.

2. Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um lax og silungsveiði, lögum um fiskrækt og lögum um fiskræktarsjóð - óskað umsagnar - 2601004SU

Frumvarpið snýr að mestu að fiskrækt en fiskrækt hefur verið stunduð af landeigendum, veiðiréttarhöfum og leigutökum um árabíl og hefur verið þáttur í starfsemi þessara aðila við nýtingu lax- og silungsveiðihlunninda á Íslandi.

Stjórn samtakanna samþykkir að senda ekki inn umsögn.

3. Drög að nýrri reglugerð um strandveiði - óskað umsagnar - 2601002SU

Meðal breytinga sem settar eru fram í reglugerðardrögunum er að skýrari rammi er settur um eignarhald á fiskibátum, útgerðum og lögaðilum sem óska eftir leyfi til strandveiða sbr. reglugerðarheimild í 11. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Stjórn samþykkir að senda ekki inn umsögn þar sem hagsmunir og sjónarmið sveitarfélaga eru ólík og hvetur aðildarsveitarfélög til þess að senda inn umsagnir ef við á.

4. Sjávarútvegsfundur 2026 - 2601001SU

Til umræðu tímasetning og dagskrá Sjávarútvegsfundar.

Formanni stjórnar og starfsmanni falið að vinna málið áfram.

5. Önnur mál - 2511002SU

Fundi var slitið kl. 09:00